Neistinn

Fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna. 1. tbl. 11. árg. 2014

Efnisyfirlit

2 Efnisyfirlit og fréttir

3 Þakklátur formaður kveður

4 Gott málefni þarfnast fjármagns

5 Styrkjum hjartaþræðina - tækið komið

6 Jólagjöf frá Eimskip

6 Jólaballið

6 Minningar gjöf

8 Hvað gerir sjúkrasjóður VR fyrir þig?

10 Hjartadrottningar prjóna hjartabangsa

12 Fegin að gallinn greindist ekki á meðgöngunni og ná að fæða með eðlilegum hætti

22 Bingó!

• Útgefandi: Neistinn – Styrktarfélag hjartveikra barna.
• Ritstjóri: Páll Kristinn Pálsson.
Netfang: pallkristinnpalsson@gmail.com
• Ábyrgðarmaður: Guðrún Bergmann Franzdóttir.
• Forsíðumynd: Helga Linnet.
• Umbrot: hskj
• Prentun: Prentsmiðjan Viðey
• Heimilisfang: Síðumúla 6, 108 Reykjavík.
Sími 552-5744, www.neistinn.is - neistinn@neistinn.is
• Fræðsluvefur Neistans: www.hjartagattin.neistinn.is

Fréttir

Neistastelpur GoRed

F.v. Ingibjörg, Arndís, Helena, Þórunn og Sara með Heklu fyrir framan sig.

Þessar Neistastelpur komu fram á GoRed-deginum í Kringlunni,

Hjarta- og æðasjúkdómar eru algengasta dánarorsök kvenna á Íslandi líkt og annarsstaðar í heiminum. GoRed átakið miðar að því að fræða konur um áhættuþætti og einkenni hjarta- og æðasjúkdóma og hvernig draga megi úr líkum á sjúkdómunum. Aukin vitund kvenna um áhættuþættina hefur einnig óbein áhrif á lífsstíl karla og ungmenna.

GoRed átakið er alheimsátak, á vegum World Heart Federation. Um er að ræða alþjóðlegt langtímaverkefni sem hófst í Bandaríkjunum og víða í Evrópu árið 2004 og hefur verið haldið á Íslandi frá árinu 2009.

Verndari átaksins á Íslandi er Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrum heilbrigðisráðherra. Formaður stjórnar GoRed er Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir sérfræðingur í hjartasjúkdómum.

Fjáröflun í samstarfi við Stauk ber kostnað þessa blaðs.

STAUKUR
SJÁLFSALAR OG LEIKTÆKI

Þakklátur formaður kveður

Ég fékk þá guðsgjöf árið 2002 að eignast mína þriðju stelpu, sem greindist svo á þriðja degi með alvarlegan hjartagalla. Eftir það breyttist allt hjá okkur fjölskyldunni og fyrstu árin hennar fórum við mjög ört með hana í aðgerðir út til Boston. Á þeim tíma leituðum við til Neistans, sem var mikil stoð fyrir okkur þessi fyrstu ár. Mér fannst strax að ég þyrfti einhvern veginn að borga félaginu til baka fyrir stuðninginn og gerði það með því að selja jólakort Neistans og fleira í þeim dúr.

Árið 2004 fór ég svo á minn fyrsta aðalfund Neistans og var plötuð í stjórn af flottum hópi fólks sem urðu góðir vinir mínir og eru enn. Þá strax varð ég varaformaður Neistans og síðan formaður ári síðar. Frá þeim tíma hefur margt gerst hjá Neistanum. Við lögðum strax mikið upp úr því að byggja Neistann upp félagslega og fjárhagslega, sem hefur gengið mjög vel og er það ykkur félagsmönnum og velunnurum að þakka. Þrátt fyrir stóran skell á Styrktarsjóð Neistans árið 2008 höfum við náð að byggja hann upp aftur og hann nú orðinn enn stærri og öflugri en fyrir hrunið.

Á þessum árum hefur félagslíf Neistans náð að blómstra, og erum við nú komin með marga skemmtilega og fasta viðburði á almanakið okkar, eins og sumarhátíð, bingó, jólaball, starfsemi unglingahóps, sumarbúðir, árshátíð og svo flott spilakvöld okkar foreldranna sem hafa alveg slegið í gegn.

Þetta hefur verið skemmtilegur tími og hann hefur liðið hratt og allt í einu hef ég setið í stjórn Neistans í heilan áratug, þar af níu ár sem formaður! Það er því kominn tími fyrir mig að víkja úr stjórninni og það mun ég gera á næsta aðalfundi sem haldinn verður 29. maí. En þá langar mig jafnframt til að gera það að mínu síðasta verki – ásamt fólki sem verið hefur með mér í stjórninni og þeim félagsmönnum Neistans sem eitt sinn voru hjartabörn en eru í dag, þökk sé tækninni, fullorðnir einstaklingar með meðfæddan hjartagalla – að leggja fram þá tillögu um breytingar á lögum Neistans að fullorðnir einstaklingar með meðfæddan hjartagalla verði alveg jafn velkomnir í félagið og börnin. En samkvæmt núgildandi lögum Neistans er félagið aðeins fyrir börn 18 ára og yngri.

Mig langar svo til að nota tækifærið til að færa þeim fjölmörgu sem ég hef kynnst í gegnum félagið hjartans þakkir fyrir samferðina. Ég tel mig svo miklu miklu ríkari í dag en fyrir 10 árum eftir að hafa kynnst öllu þessu frábæra fólki og eignast marga vini til frambúðar. Þegar ég þurfti fyrst á Neistanum að halda ég fann strax hvað þetta er gott félag og nauðsynlegt fyrir fjölskyldur barna með meðfæddan hjartagalla. Ég er sannfærð um að það muni einnig verða það fyrir fullorðna einstaklinga með meðfæddan hjartagalla.

Ég mun kveðja stjórn Neistans með söknuði en finnst um leið kominn tími fyrir nýtt blóð, nýjan mannskap í starfið. EN þótt ég hætti í stjórn Neistans þá eruð þið ekki alveg laus við mig. Ég verð áfram starfsmaður Hjartaheilla, við hjónin verðum eitthvað áfram með unglingahóp Neistans og auðvitað munum við svo mæta áfram á viðburði hjá þessu yndislega félagi.

Takk öll fyrir samferðina!
Knús og kærleikur og hjartanskveðjur!

Guðrún Bergmann Franzdóttir

Gott málefni þarfnast fjármagns



Dagatal Neistans er enn fáanlegt. Er það fimmta árið í röð sem það kemur út, enda orðið að föstum lið á fjölmörgum heimilum. Eins og áður eru allar myndirnar á dagatalinu af hjartabörnum á aldrinum 0 - 18 ára. Þær er að þessu sinni teknar af ljósmyndaranum Helgu Linnet, sem gefur alla vinnu sína til málstaðar okkar og fær einlægar hjartans þakkir fyrir.

Dagatalið er hægt að kaupa á skrifstofu Neistans að Síðumúla 6, 108 Reykjavík, sími 552 5744. Einnig er hægt að panta það á heimasíðu okkar: www.neistinn.is

Verðið er aðeins 1000 krónur.

Neistinn er styrktarfélag hjartveikra barna og aðstandenda þeirra. Starfsemin gengur bæði út á að veita þeim félagslegan stuðning og fjárhagslega styrki eftir mætti, þar sem langvinn veikindi koma oft verulega niður á fjárhagsafkomu heimilanna.

Fjáröflun er því stór þáttur í starfi Neistans og fer fram með ýmsum hætti. En hægt er að styrkja starfið beint með framlagi á reikning okkar í Landsbankanum. Reikningsnúmerið er 0101-26-4995 og kennitala Neistans 490695-2309 .

Neistinn hefur einnig tekjur af sölu heillaskeyta og minningarkorta, sem afgreidd eru á skrifstofu Hjartaheilla í síma 552 5744 eða á heimasíðu okkar: www.neistinn.is

SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

icepharma
Bætt líðan • Betra líf

Styrkjum hjartaþræðina – tækið komið

Á síðasta ári stóðu Neistinn og Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga, fyrir fjáröflunarátakinu Styrkjum hjartaþræðina til kaupa á nýja hjartaþræðingartæki fyrir Landspítalann.

Farin var sú leið á senda valgreiðslu upp á 1000 krónur inn í heimabanka eins íbúa á öllum heimilum landsins. Fólki var því í sjálfsvald sett hvort það greiddi hana eður ei, en sumir bættu um betur og styrktu með tugum og jafnvel hundruðum þúsunda. Þar fyrir utan var tekið á móti framlögum í ákveðnum söfnunarsíma, sem skilaði talsverðu.

Útkoman varð um 15 milljónir króna en einnig bárust styrkir frá tveimur Lionsklúbbum, þannig að alls söfnuðust 17 milljónir króna.

Neistinn og Hjartaheill hafa áður staðið fyrir fjársöfnunum til tækjakaupa fyrir hjartadeild Landsptíalans. Þörfin er mikil því endingartími svona tækja er yfirleitt um sjö til átta ár, en það sem nýja tækið leysti af hólmi hafði hins vegar verið í notkun í helmingi lengri tíma. Með nýja tækinu er vonast til að hægt verði að stytta biðlista eftir hjartaþræðingum, en þær eru framkvæmdar á fólki á öllum aldri, börnum sem fullorðnum.

Við sendum öllum þeim sem studdu átakið okkar hjartans þakkir!

Frá afhendingu hjartaþræðingartækis á Landspítalanum.

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

HB GRANDI

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Jólagjöf frá Eimskip

Í desember komu hér við á skrifstofunni hjá okkur í Síðumúlanum þær Jóna Kristjánsdóttir og Hedda Jóhannsdóttir og færðu Guðrúnu Bergmann formanni Neistans peningagjöf, sem safnað hafði verið til hjá skrifstofufólki Eimskips á Vöruhótelinu ásamt starfsmönnum tölvudeildar Eimskips. Fyrirtækið lagði svo sjálft til jafnháa upphæð og er þetta orðin hefð hjá starfsfólkinu í stað þess að færa hvort öðru jólagjafir. Við þökkum hjartanlega fyrir.

Jólaballið

Jólaballið Neistans 2013 var haldið sunnudaginn 8. desember síðastliðinn í safnaðarheimili Grensássóknar. Eins og áður var mætingin afar góð, enda óhætt að fullyrða að þetta sé einn vinsælasti viðburðurinn í almanaki Neistans.

Minningar gjöf

Neistanum barst á dögunum 100.000 króna peningagjöf frá Bryndisi Bjarnadóttur. Vildi hún með henni minnast barnabarns síns, Sigtryggs Þórhallssonar, sem lést vegna meðfædds hjartagalla aðeins fjögurra daga gamall. Árið var 1964 og hefði hann því orðið fimmtugur nú í ár. Um leið vildi Bryndís þakka fyrir stuðning við annan ættingja, Friðrik Karlsson, sem fæddist með hjartagalla en fékk góða meðhöndlun og er núna 16 ára gamall. Hjartans þakkir Bryndís!

HS ORKA HF

Gó Stofnað 1968

vodafone

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
A. Margeirsson ehf
A. Wendel ehf
AB varahlutir ehf
Aðalmálun ehf
Aðalvík ehf
Afltækni ehf
Alex-Endurskoðun ehf
Almerking ehf
Alsmíði ehf
Antikhúsið ehf
Argos ehf,
Arkitektastofa
Grétars og Stefáns
Arkitektur.is ehf
Arkís arkitektar ehf
Athygli ehf
Auðvitað ehf
Augað gleraugnaverslun
Auglýsingastofan
ENNEMM
Auglýsingastofan
Korter ehf
Á.T.V.R.
Álmholt ehf
Áltak ehf
Árbæjarapótek ehf
Árbæjarkirkja
Árni Reynisson ehf
Ásbjörn Ólafsson ehf
B.Á. Múrverk ehf
B.B.Þ. Verktakar ehf
Bakverk, heildsala ehf
Balletskóli
Sigríðar Ármann ehf
Barnalæknaþjónustan ehf
Barnatannlæknastofan ehf
Ber ehf, vínheildsala
Bifreiðasalan ehf
Bifreiðaverkstæði
Svans ehf
Bílalind ehf
Bílamálun
Halldórs Þ Nikulássonar
Bílasmiðurinn hf
Bílastillingar
Björns Steffensen
Bílaviðgerðir Viðarhöfða 6
Björgun ehf
BK fasteignir ehf.
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Blossi ehf
Blómagallerí ehf
Blómasmiðjan ehf
Body Shop
Boozt bar
Boreal ehf, ferðaþjónusta
Borgarbílastöðin ehf
Borgarhóll ehf
Bókaútgáfan Salka ehf
Bókhaldsþjónusta
Júlíönu ehf
Bólstrarinn ehf
Bólstrun Ásgríms ehf
Bólsturverk sf
Bón og þvottastöðin ehf
Brauðhúsið ehf
Breiðan ehf
Brúskur, hársnyrtistofa
s: 587 7900
BSRB
Búseti svf
Byggingafélagið
Þumall ehf
Byggingarfélag
Gylfa og Gunnars ehf
Cafe Roma
Central ehf,
tannsmíðastofa
Curvy, tískuverslun
Dale Carnegie, þjálfun
Danfoss hf
Danica sjávarafurðir ehf
Dansrækt JSB ehf
Deluxe snyrting ehf
Devitos Pizza ehf
Dillon Whiskey Bar
Dómkirkjan í Reykjavík
Dr Leður slf
Drengsson pics
ehf-drengsson.is
Dunamis ehf.
Dún- og fiður ehf
E.T. hf
Efling stéttarfélag
Efnalaug Árbæjar ehf
Efnamóttakan hf
Eignamiðlunin ehf
Eignaumsjá ehf
Eignaumsjón hf
Einingarverksmiðjan ehf
Eirvík-heimilistæki ehf
Emstrur ehf.
Endurskoðun
og reikningsskil hf
Ergo
fjármögnunarþjónusta
Íslandsbanka
Erla, hannyrðaverslun
Essemm, auglýsingar
& markaðsráðgjöf
Exton ehf
Faris ehf
Fasteignasalan
Fasteign.is ehf
Fasteignasalan Garður ehf
Fasteignasalan Miklaborg
Felgur smiðja ehf
Ferðakompaníið ehf
Ferðaþjónustan Ísafold ehf
Félag íslenskra
hjúkrunarfræðinga
Fiskafurðir
-umboðssala ehf
Fiskmarkaðurinn ehf
Fljótavík ehf
Flutningaþjónusta
Arnars ehf
Fröken Júlía ehf
FS Flutningar ehf
Gallabuxnabúðin
Kringlunni
Gallerí Fold
Garðmenn ehf
Garðs Apótek ehf
Garðtækni sf,
skrúðgarðaþjónusta
GÁ húsgögn ehf
Gátun ehf,
bókhaldsþjónusta
GB Tjónaviðgerðir ehf
Genís ehf
Gestamóttakan ehf
-Your Host in Iceland
Gjögur hf
Gjörvi ehf
Gleraugað ehf
Gleraugnasalan 65 slf
Glóey ehf
Gluggasmiðjan hf
Gnýr sf
Goggur ehf
Guðmundur Arason ehf
Guðmundur Jónasson ehf
Guðmundur pípari ehf
Gullkúnst Helgu
skartgripaverslun
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gullsmíðaverslun
Hjálmars Torfasonar
Gullöldin ehf
Gummi Valgeirs ehf
Gúmmísteypa
Þ. Lárusson ehf
GÞ Skartgripir og úr ehf
Gæðabakstur
H.N.
markaðssamskipti ehf
Hafgæði sf
Hagi ehf-Hilti
Halldór Jónsson ehf
Hamborgarabúllan
Bíldshöfða 18
Haninn ehf, veitingastaður
Happdrætti DAS
Harald og Sigurður ehf
Hár Class hársnyrtistofa
Hárgreiðslustofan Crinis
Hármiðstöðin
Hársnyrtistofan
Höfuðlausnir
Heilsubrunnurinn ehf,
nuddstofa
Heimilisiðnaðarskólinn
Heyrnar og talmeinastöð
Íslands
Hitastýring hf
Hjá Dóra ehf, matsala
Hljóðbók-hljóðvinnslan
Hollt og gott ehf
Hókus Pókus ehf
Hópferðabílar Allrahanda
Hótel Cabin ehf
Hótel Frón ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hreyfimyndasmiðjan ehf
Hugmót ehf
Humarhúsið
Húsafl sf
Hús-inn ehf
Hvíta húsið hf,
auglýsingastofa
Höfðabílar ehf
Höfðahöllin bílasala
Höfðakaffi ehf
Icelandic Fish & Chips ehf
Icelandic Group hf
IceMed á Íslandi slf
Iðnmennt ses
Iðntré ehf
ILVA ehf
Init ehf
Innnes ehf
iStore í Kringlunni
Íbúðagisting.is
Ímynd ehf
Íslenskur aðall ehf
Ísloft
blikk- og stálsmiðja ehf
Ísold ehf
Íþróttabandalag
Reykjavíkur
Járn og gler ehf
Jeremías
-www.garnbudin.is
JGG ehf
JP Lögmenn ehf
Kaffi Mílanó ehf
Karína ehf
Kaupholl Íslands hf
Kemi ehf-www.kemi.is
Kirkjugarðar
Reykjavíkurprófastsdæma
Kjöthöllin ehf
KK Hótel ehf
Konsept ehf
Kr. St. lögmannsstofa ehf
Krydd og Kaviar ehf
Kvika ehf
Kvikk Þjónustan ehf
Lagahvoll slf
Lagastoð,
innheimtuþjónusta
Landfestar ehf,
fasteignafélag
Landsnet hf
Landssamband
lögreglumanna
Landssamtök lífeyrissjóða
Láshúsið ehf
LC Ráðgjöf ehf stjórnunar-
og rekstrarráðgjöf
Leiguval ehf
Lifandi vísindi,
opið frá 10-12 á daginn
Lindsay A H ehf,
ferðamannavörur
Listvinahúsið, leirkerasmíði
Litir og föndur,
Skólavörðustíg 12
& Smiðjuvegi 5
Lítil í upphafi ehf
Ljósin í bænum
Ljósmyndastofan
Svipmyndir
Ljúfmetisverslunin Búrið
Loftstokkahreinsun.is,
s: 567 0882
Lokasjóður ehf
LP-Verktak ehf
Lyfjaver ehf
Læknasetrið ehf
Lögafl-lögmannsstofa
Lögfræðiþjónusta Sigurðar
Sigurjónssonar ehf
Lögmannsstofa
Jóns G Briem hrl
Lögmenn Höfðabakka ehf
Lögmenn Laugavegi 3 ehf
Lögreglufélag Reykjavíkur
Lögstofan
Löndun ehf
Magnús
og Steingrímur ehf
Markó partners ehf
Martec ehf
Matthías ehf
Málarameistarar ehf
Málarasmiðjan ehf
MD vélar ehf
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið
Motus á Íslandi
Möggurnar í Mjódd ehf
Nathan & Olsen ehf
Nonnabiti
Nostra ræstingar ehf
Nýi tónlistarskólinn
Nýi ökuskólinn ehf
Nýja bílahöllin ehf
Opin kerfi ehf
Optimar Iceland
Orka ehf
Orkuvirki ehf
Ó. Johnson & Kaaber ehf
ÓK Lögmenn slf
Ólafur Gíslason & Co
hf-Eldvarnarmiðstöðin
Ólafur Þorsteinsson ehf

ÖSSUR®

KRUMMA®
www.krumma.is

Stilling

Hvað gerir sjúkrasjóður VR fyrir þig?

Aðalfundur Umhyggju – félags til stuðnings langveikum börnum - var haldinn þann 26. febrúar síðastliðinn í húsnæði samtakanna að Háleitisbraut 13 í Reykjavík. Þar flutti Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, afar áhugvert erindi um sjúkrasjóð VR með hliðsjón af réttindum félagsmanna sem eiga langveik börn. Neistinn bað Ólafíu að taka saman helstu atriði erindis síns fyrir blaðið okkar, um leið og við hvetjum foreldra langveikra barna sem eru í öðrum stéttarfélögum til að kanna hvernig þessum málum er háttað hjá þeim.

Eftir Ólafíu B. Rafnsdóttur, formann VR

Stéttarfélög gæta hagsmuna félagsmanna sinna, standa vörð um réttindi þeirra gagnvart atvinnurekendum, semja um kaup og kjör og styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. En þar með er ekki allt talið. Stéttarfélög gegna einnig mikilvægu félagslegu hlutverki, einkum í veikindum félagsmanna eða ástvina þeirra. Þar reynir á sjúkrasjóðina.

Öflugur bakhjarl félagsmanna

Sjúkrasjóður VR var stofnaður árið 1979 á grunni laga nr. 19 frá sama ári en þar segir að vinnuveitendur eigi að greiða 1% af útborguðum launum í sjúkrasjóð viðkomandi starfsmanns. Í fyrstu greiddi Sjúkrasjóður VR eingöngu dánarbætur og sjúkradagpeninga eftir að greiðslum vinnuveitanda lauk, þ.e.a.s til þeirra sem bjuggu við langvarandi veikindi. Síðan hefur sjóðurinn jafnt og þétt aukið tryggingavernd félagmanna.

Fyrsta ár sjóðsins voru greiddar bætur að upphæð tæplega 7 milljónir króna á verðlagi ársins 2013, þá voru félagsmenn níu þúsund talsins. Í fyrra, árið 2013, námu bætur og styrkir Sjúkrasjóðs tæplega 786 milljónum króna og voru félagsmenn þá tæplega 30 þúsund.

Sjúkrasjóður VR stendur styrkum fótum og hefur, í krafti stærðar sinnar, verið í fararbroddi þegar kemur að því að veita félagsmönnum aðstoð í veikindum þeirra eða barna þeirra. Sjúkrasjóður VR er þannig öflugur bakhjarl félagsmanna og langar mig að segja aðeins frá því hvað sjóðurinn gerir fyrir félagsmenn sína, sérstaklega þegar börn þeirra glíma við erfið veikindi.

FASTUS
ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON
Virðing
Réttlæti
VR

Sjúkradagpeningar vegna veikinda barna

Í kjarasamningum VR segir um rétt félagsmanna vegna veikinda barna:

> „Fyrstu sex mánuði í starfi hjá vinnuveitanda er foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldri heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi eða eftirvinnuálagi (40%) þar sem það á við."

Þegar barn á í erfiðum og langvarandi veikindum dugar þetta skammt, eins og við öll vitum. Þess vegna veitir Sjúkrasjóður VR aðstoð þegar félagsmenn hafa fullnýtt rétt sinn vegna veikinda barna hjá vinnuveitanda - og gerir það mynduglega.

Tæplega tuttugu ár eru síðan við greiddum fyrst dagpeninga til félagsmanna vegna veikinda barna. Árið 1995 voru greiddir sjúkradagpeningar í 30 daga en tveimur árum síðar var það aukið í 90 daga. Um aldamótin var þetta aukið enn frekar í 270 daga – og það er vel við hæfi að þessi ákvörðun var kynnt opinberlega á ráðstefnu sem Umhyggja hélt á svipuðum tíma.

Sjóðurinn greiðir þannig fulla sjúkradagpeninga til félagsmanna vegna veikinda barna - 80% af launum í allt að níu mánuði. Þeir sem hafa fullnýtt rétt sinn til sjúkradagpeninga öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið til sjóðsins í 12 mánuði.

Bætur og styrkir

Og Sjúkrasjóður VR styður við félagsmenn sína á fleiri sviðum. Sjóðurinn greiðir styrk vegna ferðakostnaðar félagsmanna sem þurfa að fara með veik börn sín til sérfræðinga, rannsókna eða aðgerða fjarri heimahögunum, allt að 100 þúsund krónur hverju almanaksári.

Sjúkrasjóður VR greiðir einnig bætur vegna slysa barna og dánarbætur vegna andláts barns. Ég hvet félagsmenn til að hafa samband við sérfræðinga okkar hjá Sjúkrasjóði VR og kanna réttarstöðu sína. Jafnframt vil ég benda lesendum á ítarlega umfjöllun um sjúkradagpeninga, bætur og styrki á heimasíðu VR, **www.vr.is**, eða hjá sérfræðingum Sjúkrasjóðs í síma 510 1700.

VR er stærsta stéttarfélag landsins en félagsmenn þess eru um 30 þúsund talsins víðs vegar um landið. VR leggur áherslu á að styðja og efla sína félagsmenn, hvort sem er í réttindabaráttu þeirra á vinnumarkaði eða þegar erfiðleikar steðja að.

Þetta gerir Sjúkrasjóður VR fyrir félagsmenn sína:

- Sjúkradagpeningar eftir að veikindarétti lýkur - 80% af launum í allt að 270 daga.
- Slysadagpeningar vegna slysa í frítíma - 80% af launum. Slysabætur greiðast ekki ef bætur koma annars staðar frá vegna lögbundinna ábyrgðartrygginga.
- Sjúkradagpeningar vegna áfengismeðferðar - 80% af launum.
- Dagpeningar vegna alvarlegra veikinda maka - 80% af launum í allt að 90 daga.
- Styrkir, t.d. vegna tæknifrjóvgunar, örlitameðferðar og ferðakostnaðar vegna læknis- eða tannlæknisheimsókna.
- Örorkubætur vegna slyss í frítíma, um 20 milljónir króna.
- Dánarbætur.

OG – þetta gerir Sjúkrasjóður VR sérstaklega fyrir foreldra:

- Dagpeningar vegna veikinda barna, 80% af launum í allt að 270 daga.
- Styrkur upp í ferðakostnað vegna veikinda og tannlækninga barna.
- Slysa- og örorkubætur vegna slysa barna að 18 ára aldri.
- Dánarbætur barna að 18 ára aldri.

NA NORÐURÁL

Landsvirkjun

Hjartadrottningar prjóna hjartabangsa

Hjartadrottningarnar í Hjartaheillum eru konur með hjarta- og æðasjúkdóma sem hittast reglulega til að spjalla, prjóna og hlæja saman. Þessar vikurnar er eitt helsta prjónaverkefni þeirra gullfallegir og krúttlegir bangsar, sem Neistinn gefur börnum sem greinast með meðfædda hjartagalla og þurfa að fara í aðgerðir hér heima eða erlendis.

Hugmyndin kemur frá Háskólasjúkrahúsinu í Lundi, þar sem velflestar hjartaaðgerðir á íslenskum börnum fara fram um þessar mundir, en þar fá öll hjartabörn svona bangsa að gjöf. Ákveðið var að leita til Hjartadrottninganna um að prjóna fyrir okkur bangsana. Tóku þær strax fram prjónana og fengu í lið með sér öflugar prjónakonur í Bústaðasókn í Reykjavík.

Verkefnið hefur síðan spurst út meðal prjónakvenna þjóðarinnar og hjartabangsar teknir að berast okkur alls staðar af landinu. Á dögunum afhentu fulltrúar Hjartadrottninga Hjartaheilla okkur í Neistanum fyrstu bangsana, sem þegar eru teknir að gleðja lítil hjörtu í erfiðum aðstæðum. En þess má geta að allir bangsarnir eru með hjörtu og ör á bringunni eins og hjartahetjurnar okkar.

Hjartabangsar streyma inn frá öllum landshornum. F.v. Erla Kristjana Ólafsdóttir og Henný Níelsen hjartadrottningar, Olga Hermannsdóttir stjórnarkona í Neistanum og Guðrún Bergmann formaður.

SMÁRALIND
Góða skemmtun

Eirberg

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
Ósal ehf
Papyrus innrömmun
Passion Reykjavík
Pálmar ehf
Pétur Stefánsson ehf
PG Þjónustan ehf
Pingpong.is
Pipar og salt ehf
Pixel ehf
Pjakkur ehf
Poulsen ehf
Pósturinn
Prikið ehf
Prinsinn, söluturn
Prófilm,kvikmyndagerð
Rafás ehf, rafverktakar
Rafco ehf
Rafha ehf
Rafn ehf
Rafsvið sf
Raftækjaþjónustan sf
Rafviðgerðir ehf
Rannsóknarstofan Glæsibæ
Rannsóknarþjónustan Sýni ehf
Rarik ohf
Ráð og rekstur ehf
Ráðlegging ehf
Reykjavíkurborg
Réttur lögmannsstofa
Rima Apótek
RJ Verkfræðingar ehf
Rossopomodoro, veitingastaður
S.B.S. innréttingar
S.Z.Ól. trésmíði ehf
Safalinn ehf
Salon VEH
Salson -byggingaþjónusta ehf
Samaria ehf, veitingahús
Scandinavian Hearing ehf
Seafood Trading ehf
Sector legal ehf
Segna ehf
Seljakirkja
Sér ehf
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu
Sigurður Guðjónsson slf
Sigurður Rúnar Sæmundsson, tannlæknir
SÍBS
Sjúkraliðafélag Íslands
Sjúkraþjálfunin Ártúnshöfða
Skeifan fasteignamiðlun ehf
Skilvís ehf
Skorri ehf
Skólavefurinn.is
Skóverslunin Bossanova
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
SM kvótaþing ehf
Smábílar ehf
Smith og Norland hf
Snyrtistofan Gyðjan ehf
Sólon Bistro
Sónn ehf
Spaksmannsspjarir
Spennt ehf
Sportís ehf
sportlif.is
Sprettur -þróun og stjórnun ehf
Sprinkler pípulagnir ehf
Spör ehf, auglýsingastofa
Staki automation ehf
Stansverk ehf
Stál og stansar ehf
Stálsveipur ehf
Stjörnuegg hf
Storkurinn ehf
Stólpi ehf -alhliða viðgerðaþjónusta
Suzuki bílar hf
SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu
Sýningakerfi hf
Sægreifinn
Tactus ehf
Talnakönnun hf
Tannálfur, tannlæknastofa
Tannlæknar Mjódd ehf
Tannlæknastofa Gísla Vilhjálmssonar
Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar ehf
Tannlæknastofa Sólveigar Þórarinsdóttur ehf
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar
Tannlækningastofa Jóns Birgis Baldurssonar
Tannréttingar sf
Tannsinn ehf
Tannval Elínar og Kristínar Gígju
Teiknistofan Arkitektar
Teiknistofan Form + Rými ehf
The Capital Inn
Themis ehf, lögmannsstofa
THG Arkitektar ehf
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði
Timberland Kringlunni og Timberland Laugavegi
Time Care
Tískuhús Zikzak
Tískuverslunin Smart
Tjaldaleigan Skemmtilegt ehf
Tort ehf
Tóbaksverslunin Björk
Tónlistarskóli F Í H
Tónmenntaskóli Reykjavíkur
TREX-Hópferðamiðstöðin
Tæknivélar ehf
Tölvar ehf
Tölvu- og tækniþjónustan ehf
Tölvuvinir ehf
Tösku- og hanskabúðin ehf
Ull og gjafavörur, verslun
Umslag ehf
Undirföt.is
Útfararstofa Íslands ehf
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Úti og inni sf
V.Ó. teiknistofan ehf
VA arkitektar ehf
Vagnar og þjónusta ehf
Varma & Vélaverk ehf
VDO verslun ehf
Vegamót
Veiðiþjónustan Strengir
Veitingahúsið Lauga-Ás
veitingastadir.is - visitorsguide.is
Verðbréfaskráning Íslands hf
Verkfræðistofan VIK ehf
Verksýn ehf
Verslunartækni ehf
Verslunin Brynja ehf
Verslunin Kiss
Verslunin Rangá
Vélaviðgerðir ehf
Véló ehf
Vélsmiðjan Harka hf
Vélvík ehf
Viðlagatrygging Íslands
Vilhjálmsson sf, heildverslun
Vinnumálastofnun
Víkurós ehf, bílamálun og réttingar
VSÓ Ráðgjöf ehf
Vörn, öryggisfyrirtæki
Vörubíla- og vinnuvélaverkstæðið sf
Yoga Shala Reykjavík ehf
Þakpappalagnir B S
Þaktak ehf
ÞÓB vélaleiga ehf
Þór hf
Ögurvík hf
Ölstofa Kormáks og Skjaldar ehf
Örninn ehf

Seltjarnarnes
Felixson ehf
Horn í horn ehf, parketlagnir
Lög og réttur ehf
Nesskip hf
Seltjarnarnesbær
Seltjarnarneskirkja
Sjávarsýn ehf
Vökvatæki ehf

Vogar
Grein ehf
Stálafl Orkuiðnaður ehf

Kópavogur
Aalborg Portland Íslandi hf
Actus ehf
Adesso ehf
ALARK arkitektar ehf
Allianz á Íslandi hf
AMG Aukaraf ehf
AP varahlutir ehf
Arnardalur sf
Axis-húsgögn ehf
ÁF Hús ehf
Ásborg slf
BB44 Gisting ehf
Bifreiðastillingin ehf
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf
Bílaklæðningar hf
Bílalakk ehf
Bílamálunin Varmi ehf
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf
Bílhúsið ehf
Bliki bílamálun og réttingar ehf
Blikkform ehf
Blikksmiðjan Vík ehf
Borgargarðar ehf -skrúðgarðaþjónusta
Brotafl ehf
Brunabótafélag Íslands
Brynjar Bjarnason ehf
BSA varahlutir ehf
Conís ehf, verkfræðiráðgjöf
Debenhams á Íslandi ehf
Dekkjahúsið ehf
Delíla og Samson sf
Dressmann á Íslandi ehf
Dælur ehf
Eignaborg, 35 ára
Eignastýring -fasteignamiðlun ehf
Einar Ágústsson & Co ehf
Fagtækni ehf
Feris ehf
Ferli ehf
Garðvélar ehf
Garminbúðin
goddi.is
Grillbúðin ehf
Guðjón Hafsteinn Guðmundsson
Gullskógar ehf
Hafið-fiskverslun ehf
Hagbær ehf
Hairdoo ehf
Hákon Bjarnason ehf
Hefilverk ehf
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki
Hjörtur Eiríksson sf
Hópvinnukerfi ehf-Focal
Software & Consulting
Hvellur-G. Tómasson ehf
Idex ehf
Ingimundur Einarsson ehf málari
ismadurinn.is
Íslandsspil sf
Ísmál málningarþjónusta ehf
Jarðlausnir ehf
JÓ lagnir sf
JSÓ ehf
Klippistofa Jörgens ehf
Klukkan, úr og skartgripir
Krafla ehf
Körfuberg ehf
Léttfeti ehf-Sendibíll
Loft og raftæki ehf
Lyfjaval ehf
Löggiltir endurskoðendur ehf
Lögmannsstofa Guðmundar Þórðarsonar og fasteignasala Kópavogs
Lögmannstofa Páls Ólafssonar ehf
Mannrækt og menntun ehf
Málning hf
Mótaverk ehf
Nobex ehf
Nýþrif ehf
OM steinsmiðja ehf
Point á Íslandi ehf
Rafbraut ehf
Rafbreidd ehf, heimilistækjaviðgerðir
Rafholt ehf
Rafmiðlun hf
Raftækjasalan ehf
Raftækjavinnustofa Einars Stefánssonar
Reynir bakari
Riddarinn Ölstofa ehf
RS snyrtivörur, L'occitane
Ræsting BT ehf
S. Helgason ehf
S.Þ. verktakar ehf
Skómeistarinn ehf
Stjörnublikk ehf
Suðurverk hf
Tambi ehf
Tengi ehf
Tónlistarskóli Kópavogs
Tryggingamiðlun Íslands ehf
Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf
Vaki fiskeldiskerfi hf
Vatn ehf

Arion banki

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

ICELANDAIR GROUP

Fegin að gallinn meðgöngunni og ná a

Hvergerðingarnir Dagmar Björk Heimisdóttir, þá 19 ára, og Jón Ingi Jónsson, þá 23 ára, eignuðust sitt fyrsta barn 22. maí 2012 á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Fæðingin gekk vel og eðlilega fyrir sig, þetta var stelpa, sem fékk nafnið Viktoría Sól. Vegna fyrirstandandi sumarleyfa hjá Heilsugæslunni í Hveragerði þurfti síðan að flýta reglubundinni sex vikna læknisskoðuninni um þrjár vikur – og þá hófst atburðarás sem ungu foreldrana gat engan veginn órað fyrir.

„Lækninum þótti Viktoría anda óreglulega og sá einhver önnur einkenni, svo hún sendi hana samstundis með sjúkrabíl á Barnaspítala Hringsins í Reykjavík," sagði Dagmar þegar Neistinn heimsótti hana í Hveragerði á dögunum. „Allt gekk vel á leiðinni í bæinn, við fórum beint á bráðamóttökuna og þar var búið að kalla út Gylfa Óskarsson barnahjartalækni. Hann skoðaði Viktoríu ásamt sínu fólki, tók sinn tíma og sagði okkur að hún væri með alvarlegan hjartagalla, hann myndi tala við okkur betur á eftir og Viktoría var færð upp á Vökudeildina."

Og ykkur hafði ekkert grunað áður að eitthvað gæti verið að henni?

„Nei, sko hún hafði verið með einhver áreynsluhljóð í önduninni, sem okkur fannst furðuleg og höfðum nefnt við heilbrigðisstarfsmann. En hún kallaði þetta ungbarnahljóð og sagði að þau væru alveg eðlileg. Svo andaði Viktoría mjög hratt og okkur var líka sagt að nýfædd börn gerðu það oft. Við héldum því að allt væri í lagi og vöndumst þessum hljóðum, sem áttu svo síðar eftir að reynast vera einkenni hjartagallans. Það kom okkur því mjög í opna skjöldu þegar við þurftum allt í einu að fara á bráðadeild barnaspítalans í Reykjavík."

Hvað sagði Gylfi svo við ykkur?

„Við vorum þarna foreldrarnir, systir mín, tengdaforeldrarnir fyrir utan og mamma og litla systir mín á leiðinni. Gylfi hafði bætt því við þegar hann sagði að Viktoría væri með alvarlegan hjartagalla að það væri hægt að laga hann, svo þess vegna vorum við kannski rólegri en ella á meðan við biðum eftir frekari útskýringum frá honum. Maður horfir alltaf á björtu hliðarnar, eða við gerðum það að minnsta kosti. Síðan fórum við upp á deild og biðum þar. Hún mátti ekki fá brjóst og mig minnir að hún hafi strax byrjað í einhverri lyfjameðferð. Gylfi kom síðan og útskýrði málið betur fyrir okkur, hvað hjartagallinn héti og hvernig hann lýsti sér og hvað þyrfti að gera til að laga hann. Það voru aðallega op á milli hólfa og leki í hjartalokum milli gátta og slegla sem þyrfti að gera við og við þyrftum að fara sem fyrst út til Lundar í Svíþjóð til að fá þetta gert."

Var ekki einkennilegt að vera skyndilega á leiðinni til Svíþjóðar?

„Jú, en reyndar frestaðist ferðin um viku, meðal annars svo Viktoría þyrfti ekki að vera í öndunarvél í fluginu. Það var bæði horft til þess að tíminn væri að vinna með henni og svo að lyfin næðu að virka betur. Og þessa viku sem við biðum eftir að fara út var hún á Vökudeildinni og vorum alltaf í rauninni á leiðinni út „á morgun" því það var stöðugt verið að meta stöðuna og hvenær best yrði að drífa okkur af stað. Við vorum svo heppin að geta verið í aðstandendaherberginu sem er á sömu hæð og Vökudeildin og gátum því verið nálægt henni allan sólarhringinn."

greindist ekki á
ð fæða með eðlilegum hætti

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson
Myndir úr fjölskyldualbúminu

Hvernig gekk svo flugferðin út?

Við flugum síðan út með Icelandair-flugvél til Kaupmannahafnar, nokkrum sætum á Sagaclass var þjappað saman undir hana og hún var í sérstökum súrefniskassa á leiðinni út. Ferðin gekk mjög vel, með okkur voru læknir og hjúkrunarfræðingur, mamma mín og foreldrar Jóns Inga, en pabbi þurfti að fara í vinnu til Noregs og komst því ekki með. Eftir að við lentum í Kaupmannahöfn fór Viktoría í sjúkrabíl, en við Jón Ingi með leigubíl. Hin tóku bílaleigubíl. Á sjúkrahúsinu var tekið mjög vel á móti okkur, meðal annars af henni Níní, íslenskum hjúkrunarfræðingi sem þar starfaði og setti okkur inn í hlutina. Við fengum svo úthlutað herbergi og

allt mjög faglega unnið og greinilega vel hugsað fyrir öllu.“

Mörgum foreldrum finnst hálf óhugnanlegt að horfa á barnið sitt fara í gegnum þetta ferli allt saman, öll tækin og slöngur og snúrur – ekki síst þegar um fyrsta barn er að ræða ...

